

Reykjavík, 21.3.2018
Tilvísun: 201803-0083/3.03.00

Dreifibréf til aðila í ferðapjónustu og annarra sem málið varðar

Vinna í lokuðum rýmum á háhitasvæðum

Í kjölfar alvarlegra vinnuslysa sem tengjast vinnu í lokuðum rýmum á háhitasvæðum, vill Vinnueftirlitið vekja athygli á nokkrum atriðum varðandi vinnu í lokuðum rýmum þar með talið í hellum og íshellum.

Vinna er bönnuð í illa loftræstum og/eða lokuðum rýmum þar sem styrkur hættulegra lofttegunda t.d. jarðhitaloftegunda fer yfir viðmiðunarmörk, nema viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að tryggja öryggi starfsmanna.

Grunnatriði vegna vinnu þar sem möguleiki er á hættulegri loftmengun eru:

1. Áhættumat og viðbragðsáætlun
2. Viðeigandi mælitæki og mælingar vegna mengunar
3. Viðeigandi grímur og persónuhlífar

Lofttegundir eins og brennisteinsvetni (H₂S) og brennisteinstvíldi (SO₂) eru sérstaklega varasamar þar sem mikið magn þeirra getur valdið meðvitundarleysi á mjög skömmum tíma. Margar hættulegar jarðhitaloftegundir eru þyngri en andrúmsloft og geta því safnast saman í miklum styrk í lægðum og dældum. Styrkur jarðhitaloftegunda í lokuðum rýmum getur breyst mjög hratt og fyrirvaralítið. Þetta getur skapað mikla hættu ef starfsmaður er ekki með réttan búnað.

Nánari upplýsingar er að finna í fréttabréfi á heimasíðu Vinnueftirlitsins undir slóðinni <http://www.vinnueftirlit.is/um-vinnueftirlitid/frettir/vinna-a-svaedum-thar-sem-haetta-er-a-mengun-vegna-jardhitavirkni>

Sjá einnig:

- Reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, með síðari breytingum nr. 1296/2012
- Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006
- Reglur um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými nr. 429/1995

Áhættumat starfa

Vinnueftirlitið vill benda á, að öllum fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri ber að gera áætlun um öryggi og heilbrigði. Í slíkri áætlun er farið yfir áhættumat starfa og gerðar viðeigandi úrbætur vegna þátta sem koma fram í matinu.

F.h. Vinnueftirlitsins


Svava Jónsdóttir
Sviðsstjóri


Hannes Snorrason
Eftirlitsmaður